

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 25. nóvember 2022.

Mál nr. 676/2022:

A

(Puríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður)

gegn

barnaverndarnefnd Reykjavíkur

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Forsjársvipting. Dómkvaðning matsmanns. Frávísun frá Landsrétti.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu A um dómkvaðningu matsmanns í forsjársviptingarmáli gegn A. A krafðist þess fyrir Landsrétti að fallist yrði á kröfu hennar um að dómkvaddur yrði einn hæfur og óvilhallur matsmaður til að skoða og leggja sérfræðilegt mat á forsjárhæfni hennar og að ríkissjóður stæði straum af kostnaði við matið. Í úrskurði Landsréttar kom fram að í málinu lögju fyrir tvær matsgerðir sérfróðra manna um forsjárhæfni A. Þá var rakið að samkvæmt 2. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga geti dómari lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, en leggi hann fyrir foreldra að afla þeirra sé honum heimilt að ákveða að kostnaður við gagnaöflun greiðist úr ríkissjóði. Gagnaöflun á grundvelli ákvæðisins sé ekki undir því komin að málsaðili krefjist hennar. Í barnaverndarlögum sé ekki að finna heimild til að kæra úrskurð um það efni sem um ræddi og af sömu ástæðu yrði kæruheimild ekki heldur sótt í c-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Brast því kæruheimild í málinu og hefði héraðsdómur átt að taka afstöðu til beiðni sóknaraðila með ákvörðun í stað úrskurðar, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991. Var málinu því vísað af sjálfsdáðum frá Landsrétti.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 2. nóvember 2022. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 2022 í málinu nr. E-[...]/2022 þar sem kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanns var hafnað. Um kæruheimild er vísað til 1. mgr. 64. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

- 2 Sónkaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fallist á kröfu hennar um að dómkvaddur verði einn hæfur og óvilhallur matsmaður til að skoða og leggja sérfræðilegt mat á forsjárhæfni sóknaraðila og að ríkissjóður standi straum af kostnaði við matið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál en sóknaraðili nýtur gjafsóknar fyrir Landsrétti samkvæmt bréfi dómismálaráðherra 4. nóvember 2022.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- 4 Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga ber barnaverndarnefnd, áður en hún höfðar mál til sviptingar forsjár eftir 29. gr. laganna, að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst. Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir sérfróðra manna um forsjárhæfni sóknaraðila, önnur dagsett 30. maí 2014 og hin 7. júní 2022, en varnaraðili höfðaði 31. ágúst 2022 mál á hendur henni til sviptingar forsjár dætra hennar, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga.
- 5 Í 2. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga kemur fram að dómari geti lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, en leggi hann fyrir foreldra að afla þeirra er honum heimilt að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunarinnar greiðist úr ríkissjóði. Til viðbótar framangreindum ákvæðum gilda almennar reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um heimildir málsaðila til þess að afla matsgerða.
- 6 Eins og málatilbúnaði sóknaraðila er háttáð felur hann ekki í sér beiðni um dómkvaðningu á grundvelli almennra reglna heldur er þess í reynd krafist að dómari mæli fyrir um öflun matsgerðar á þeim grunni sem að framan er lýst og að kostnaður sem af því hlýst verði greiddur úr ríkissjóði.
- 7 Gagnaöflun á grundvelli 2. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga er ekki undir því komin að málsaðili krefjist hennar. Í ákvæðinu felst að telji dómari ástæðu til að frekari gagna verði aflað getur hann mælt fyrir um það og að kostnaður sem því er samfara verði lagður á ríkissjóð. Í barnaverndarlögum er ekki að finna heimild til að kæra úrskurð um það efni sem hér um ræðir og af sömu ástæðu verður kærueimild ekki heldur sótt í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Brestur því kærueimild í málinu, en af því leiðir jafnframt að héraðsdómur hefði ekki átt að taka afstöðu til beiðni sóknaraðila með úrskurði, heldur með ákvörðun, sbr. síðari málslið 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu verður málinu af sjálfsdáðum vísað frá Landsrétti.
- 8 Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður en um gjafsóknarkostnað sóknaraðila fer eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Allur gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, A, fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Þuríðar Kristínar Halldórsdóttur, 250.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdómur Reykjavíkur 20. október 2022

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 29. september sl., var höfðað með réttarstefnu útgefni þann 25. ágúst sl., og þingfestri þann 31. ágúst sl., af stefnanda, Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur, vegna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, gegn stefndu, A, kt. [...], [...], Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefnda, A, verði svipt forsjá dætra sinna, B, kt. [...], og C, kt. [...], sbr. a. og d. liði 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Stefnda krefst í málinu að hafnað verði kröfu stefnanda um að hún verði svipt forsjá dætra sinna, B og C.

Þá krefst stefnda jafnframt málskostnaðar vegna þóknunar lögmanns hennar og þá að viðbættum virðisaukaskatti og þá eftir atvikum vegna annars kostnaðar sem af málsvörn stefndu kann að leiða og eins og eigi væri hér um gjafsóknarmál að ræða.

Málið sætir flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Í þinghaldi, þann 12. september sl., var lögð fram af hálfu stefndu matsbeiðni, þess efnis að dómkvaddur yrði einn hæfur og óvilhallur matsmaður til þess að skoða og leggja sérfræðilegt mat á forsjárhæfni stefndu. En stefnda telur fyrirbyggjandi slík mót í málinu, sem aflað hafi verið einhliða af hálfu stefnanda, vera ófullnægjandi.

Í þessum þætti málsins gerir stefnda því þá kröfu að dómkvaddur verði einn hæfur og óvilhallur matsmaður til að leggja mat forsjárhæfni stefndu. Þá fer stefnda fram á að ríkissjóður standi straum að kostnaði við matið, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 80/2002.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, í þessum þætti málsins, að synjað verði framangreindri beiðni stefndu um dómkvaðningu matsmanns í þessu skyni.

Málsaðilar áréttuðu þá hér fyrirbyggjandi málskostnaðarkröfur sínar í málinu.

I.

Málið varðar systurnar, B [...] ára og C [...] ára, sem lúta sameiginlegri forsjá foreldra sinna, en stefnda móðir þeirra er [...] ára, fædd og uppalin á [...]. Hún kynntist D, sem fer einnig með forsjá stúlkanna, árið 2007 í [...] og flutti með honum til Íslands árið 2009. Stefnda og D slitu sambúð sinni endanlega í nóvember 2012. Stefnda á tvö yngri börn með núverandi sambýlismanni sínum, fædd [...]og [...], og eru mál þeirra einnig til skoðunar hjá barnaverndaryfirvöldum. Eldri stúlkan er málið varðar, C er í [skóli], og er með vissar greiningar, en yngri stúlkan, B, er í [skóli]. Stefnda þiggur örorkubætur og býr í félagslegri leiguþúð ásamt með yngstu tveimur dætrum sínum, sambýlismanni og systursyni.

Mál stúlkanna hafa verið til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum með hléum frá árinu 2014. Tilkynning barst svo í febrúar 2022 um að stefnda og sambýlismaður hennar hafi beitt þær andlegu og líkamlegu ofbeldi. Starfsfólk stefnanda tók viðtal við stúlkurnar, 8. febrúar 2022, þar sem þær greindu frá slíku ofbeldi af hálfu stefndu og sambýlismannsins. Málið var þá kært til lögreglu og hefur verið þar til rannsóknar. Stúlkurnar tvær hafa þá frá 9. febrúar sl. verið vistaðar utan heimilis þar sem sú eldri hefur dvalið hjá eldri hálf systur sinni á [...]en sú yngri hjá föður sínum í [...]. Stefnda hafi fallist á að gangast undir forsjárhæfnismat og að stúlkurnar færu í viðtöl í Barnahúsi en neitað að skrifa undir

meðferðaráætlun. Stefnda fór til [...], 19. mars sl., ásamt yngri börnum sínum, en kom ein til baka til Íslands til að undirgangast forsjárhæfnimat. Stefnda fór síðan fljótlega aftur erlendis og dvelur nú enn erlendis. Stúlkurnar njóta aðstoðar talsmanns auk þess sem sú eldri hefur formlega aðilastöðu og hefur talsmaður þeirra áréttað fyrir dómi að þær styðji kröfur stefnanda í málinu.

Tvö forsjárhæfnimöt hafa verið unnin varðandi stefndu að undirlægi stefnanda. Í forsjárhæfnimati sem E sálfræðingur framkvæmdi á stefndu árið 2014 kom fram að greind hennar mældist tveimur staðalfrávikum frá meðaltali. Taldi hann stefndu ekki færa um að veita telpunum fullnægjandi uppeldisskilyrði án stuðnings. Þá var unnið nýtt forsjárhæfnimat á stefndu nú árið 2022 af sálfræðingnum F sem lá fyrir 7. júní sl. Niðurstaða þess mats er sú að velferð og þroski stúlkunnar sé ekki tryggður við þau uppeldisskilyrði sem stefnda getur veitt þeim og að stefnda búi ekki yfir nauðsynlegri og nægjanlegri hæfni til að fara með forsjá þeirra. Í framhaldinu hafi stefnandi afráðið að höfða mál þetta, en stefnda hefur tekið til varna og telur að rannsókn málsins hafi m.a. um margt verið áfátt af hálfu stefnanda. Einkum þar sem einungis liggja fyrir í málinu af hálfu stefnanda mót á forsjárhæfni stefndu, sem stafi einhliða frá stefnanda, og þar sem annað matið sé orðið gamalt, en hið nýrra forsjárhæfnimat frá 2022 hafi ekki verið framkvæmt með viðunandi hætti. En auk þess hafi stefnandi sniðgengið önnur gögn eins og enn eldra mat dómkvaddis matsmanns og er þá vísað til matsgerðar G frá árinu 2013 er tengdist forsjárdeilu.

II.

Stefnda gerir kröfu um að dómkvaddur verði matsmaður til að meta forsjárhæfni hennar, sbr. 61. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 56. gr. laga nr. 80/2002, en aðilar eigi rétt á því að afla sönnunargagna sem þeir telji málstað sínum til framdráttar, nema það teljist bersýnilega þarflaust, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Í matsbeiðni kemur fram að stefnda telji framangreindar tvær matsgerðir ómarktækar þar sem þær hafi báðar verið einhliða unnar að beiðni stefnanda og án aðkomu málsvara af hálfu stefndu m.a. m.t.t. gagnaframlagningar. Þá hafi verið mjög takmörkuð aðstoð túlks við gerð síðara matsins en stefnda skilji illa íslensku. Þá dragi stefnda í efa að rétt sé greint frá því í síðara matinu að hún hafi leyst MMPI-2 persónuleikaprófið á 3.5 tímum og lokið Raven Progressive greindarprófinu á 1 klst. þar sem hún hafi mætt dag eftir dag um kl. 8 að morgni hjá matsmanni og setið þar yfir matslistum til kl. 14 án þess að fá vott né þurrt. Þá telji stefnda að matsmaður hafi tekið beint upp rangar frásagnir af hálfu stefnanda um afskipti lögreglu af stefndu, auk þess sem ranghermt sé að örorkumat stefndu byggja aðeins á kvíða og þunglyndi hennar, þegar til grundvallar liggja alvarlegt umferðarslys og afleiðingar þess. Ekki sé þá lítið til þess að stefnda komi úr öðrum menningarheimi, en hún kannist heldur ekki við að hafa beitt stúlkurnar ofbeldi. Mikið sé gert úr aðlögunarvanda stefndu, auk þess sem talið sé neikvætt að hún hafi þurft að leita sér aðstoðar vegna sálræns og geðræns vanda. Matsmaður hafi þá rætt við fyrrum eiginmann og fyrrum kærustu systursonar hennar sem bæði séu henni óvinveitt. Þá hafi eldri matsgerð, unnin af G sálfræðingi, dómkvöddum matsmanni í héraðsdómsmáli E-[...]/2012, verið tekin út úr gögnum þessa máls, en þar sé stefnda metin hæf til að fara með forsjá dætra sinna og sé það annmarki á rannsókn. Verði aðeins bætt úr því með því að aflað verði nú mats hlutlauss og óvilhalls matsmanns er dómkvaddur verði til að meta forsjárhæfni stefndu. Þá sé krafist að dómari ákvarði að ríkissjóður standi straum að kostnaði við matið en stefnda hafi ekki bolmagn til þess.

Stefnandi mótmæli matsbeiðni stefndu og telji að mat á forsjárhæfni stefndu liggja nú þegar nægilega ljóst fyrir með hliðsjón af því að í gögnum málsins liggja m.a. fyrir tvö mót um það. Þar á meðal sé nýlegt og afar ítarlegt mat um það sem mestu máli skipti. Sé hið nýja mat frá árinu 2022 auk þess í fullu samræmi við eldra mat frá 2014 um forsjárhæfni. Nýtt mat sé því bersýnilega þarflaust, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Þá andmælir stefnandi því að slíkir annmarkar séu á hinu nýja mati frá 2022 er stefnda haldi fram. Málið sæti flýtimeðferð og frekara mat valdi þarflausum töfum. Dómur sem skipaður sé sérfróðum meðdómsmanni komi að því að meta fyrirbyggjandi gögn sem séu bæði

ítarleg og nægjanlegt. Leggi stefnda sérstaka áherslu á að matið frá 2022 hafi verið unnið með faglegum hætti og hafnar fullyrðum stefndu um annað en hún hafi tekið fullan þátt í matsferlinu og engar athugasemdir gert fyrir en eftir á.

III.

Eins og rakið er hér að framansögðu þá liggja þegar fyrir í máli þessu tvö mót sálfræðinga þar sem sérstaklega er lagt mat á forsjárhæfni stefndu, auk annarra gagna. Þar á meðal er nýleg matsgerð frá 2022 þar sem lögð voru m.a. þrjú próf fyrir stefndu. Hvað varðar athugasemdir stefndu í tengslum við umrætt mat frá 2022, og þá um framkvæmd þess, þá getur dómurinn ekki fallist á það að sýnt þyki að matsmaður hafi ekki unnið þá matsgerð með eðlilegum og forsvaranlegum hætti gagnvart stefndu. Telur dómurinn því ekki nauðsynlegt eða forsvaranlegt að endurtaka slíka matsvinnu með því að dómkveðja nú matsmann í því skyni. Þá liggur það enn fremur fyrir að samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 80/2002 skal kveðja sérfróðan meðdómsmann til setu í dómi við aðalmeðferð máls af þessu tagi, auk þess sem heimild er þá til þess, eftir reglum réttarfarslaga, að taka skýrslur fyrir dómi og leggja þar fram frekari gögn.

Með hliðsjón af framansögðu og fyrirbyggjandi gögnum í málinu verður að taka hér undir með stefnanda að öflun frekari matsgerða með dómkvaðningu matsmanns verði því að teljast tilgangslaust til sönnunar, eins og málið liggur fyrir, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, og til þess fallið að tefja málsmeðferð í trássi við 53. gr. b í lögum nr. 80/2002. Ber því að mati dómsins, með hliðsjón af framansögðu, að hafna hér kröfu um að dómkvaddur verði matsmaður til að meta frekar forsjárhæfni stefndu. Enn fremur þykir rétt að málskostnaður vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms.

Af hálfu stefndu flutti málið Þuríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður, en af hálfu stefnanda Jón Pétur Skúlason lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu stefndu, A, um dómkvaðningu matsmanns.

Málskostnaður bíður efnisdóms.